

Minnisblað

Viðtakandi: Menningar- og lýðræðisnefnd

Efni: Sýningarárið 2025 í Listasal Mosfellsbæjar

Dags: 6. september 2024

Málsnúmer: 202409137/15.3

Sendandi: Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

Forsaga:

Á ári hverju eru settar upp 10 sýningar í Listasal Mosfellsbæjar. Hver sýning stendur yfir í fjórar vikur, sýningar eru alla jafna teknar niður á laugardögum og opnar ný á föstudegi eða laugardegi viku síðar.

Í maí var auglýst eftir umsóknum um sýningar í Listasal Mosfellsbæjar á sýningarárinu 2025. Umsóknarfrestur var til og með 8. júní 2024. 28 umsóknir bárust og eru það færri en undanfarin ár.

Leiðarljós við val er að sýningar skapi fjölbreytt og áhugavert ár sýninga fyrir almenning. Áhersla er lögð á fjölbreytni í sýningarvali. Leitast er við að velja sýningar sem endurspeglar sem flesta miðla og að verkin kynni ólíkar myndlistarstefnur og áherslur.

Meðfylgjandi er tillaga sýningarstjóra Listasalar Mosfellsbæjar að sýningum í Listasal Mosfellsbæjar næsta sýningarár. Raðað verður niður á sýningarárið í samráði við listamennina.

Virðingarfyllt,
Auður Halldórsdóttir

Fylgiskjal:

Tillaga um sýningar í Listasal Mosfellsbæjar 2025